

Minnisblað starfshóps um rekstur

Fulltrúar í starfshópi

Listi yfir fulltrúa og netföng

- Björn Bjarki Þorsteinsson
- Elín Jóna Rósinberg
- Guðlaug Kristinsdóttir
- Ingibjörg Jóhannsdóttir
- Magnína Kristjánsdóttir
- Magnús Magnússon
- Magnús Vignir Eðvaldsson
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir
- Viktor Ingi Jónsson
- Þorgils Magnússon
- Þorleifur Karl Eggertsson
- Þuríður Sigurðardóttir
-

Lýsing á verklagi starfshópa

Hlutverk starfshópsins á er að kortleggja stöðu mála á þeim málavæðum sem þeir hafa til umfjöllunar og gera tillögur að framtíðarsýn og markmiðum:

- Starfshóparnir kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og gera grein fyrir kostum og ókostum sameiningar fyrir íbúa sveitarfélaganna.
- Starfshóparnir draga upp framtíðarsýn fyrir þau málefnasvið sem þeir hafa til umfjöllunar.
- Starfshóparnir gera lista yfir helstu markmið sem þarf að ná til að raungera framtíðarsýnina.

Afurð starfshópavinnu er minnisblað til samstarfsnefndar þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum.

Viðfangsefni

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um stjórnsýslu, fjármál, mannauð og mannvirki. Meðal þess sem vert er að hafa í huga er:

- Hvert er hlutverk sveitarfélaganna á þeim málavæðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar?
- Er svæðisbundinn munur á þjónustu og þjónustubörf innan þjónustusvæðisins?
- Hvaða áhrif myndi sameining hafa á þjónustuna?
- Eru tilefni eða tækifæri til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu?

Stöðugreining

Í stöðugreiningunni eru kostir og ókostir núverandi stöðu tilgreindir og bornir saman við kosti og ókosti í sameinuðu sveitarfélagi á þeim málavæðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar. Þeir eru:

- Stjórnsýsla (nefndir, starfstöðvar, skipurit, rekstrarfyrirkomulag o.p.h.)

- Fjármál
- Mannauður
- Mannvirki (húsnæði)
- Samstarf sveitarfélaga

Kostir

Núverandi staða • Stöðugleiki í báðum sveitarfélögum. • Engin innviðagjöld. • Lækkun skulda. • Laun og launatengd undir 50%. • Lág skuldahlutföll.	Sameinað sveitarfélag • Hlutverk sem sveitarfélags mikilvægara, stærra sveitarfélag. • Kjörnir fulltrúar gætu sinnt þessu betur, fengju hærri laun. • Rekstrarlegir kostir, stærri eining. Færri höfuð. • Sveitarfélögin eru lík, grunnurinn er líkur. Þegar búin að sameinast. Hafa reynslu af sameiningu. • Hagræðing á toppnum, í stjórnsýslunni. • Sveitarstjórum verður fækkað. • Sveitarstjórnarfulltrúum fækkað. Vigt hvers fulltrúa verður því meiri. • Meira úr Jöfnunarsjóði eftir breytt regluverk þar, sameinuð en í sundur. Slagkrafturinn meiri í fjármálum sveitarfélagsins. Ráðið til okkar fleiri sérfræðinga á sviðin. Styrkari stjórnsýsla. Meiri slagkraftur gagnvart ríkisvaldinu. Sterkara landbúnaðarsamfélag. Sterkari gagnvart ríkinu. • Okkur vantar fleiri hendur á dekk. Mannauðsmál, sveitarstjóri er mannauðsstjóri. Krafan sífellt meira vaxandi. Eflt embætti skipulags- og bygg.fulltrúa. Samstarf í skólamálum og félagsþjónustu. • Öflugari teymi myndu skapast, í dag eru sveitarfélögin miklir einyrkjar. • Toppum fækkað en aukið við sérfræðinga í sveitarfélögunum. • Annað sveitarfélagið er ekki að bjarga hinu. Menn koma inn jafnfætis.
--	--

Ókostir

Núverandi staða	Sameinað sveitarfélag
- Lítið unnið saman, áskorun að átta sig á staðháttum. - Sitthvor landshlutinn, mismunandi landshlutasamtök. SSV eru 9 sveitarfélög SSNV 4. Löggæsla er líka á forræði mismunandi embætta. - Lágt útsvar pr. íbúa. - Dalirnir kaupa út skólaþjónustu af Ásgarði. - Sveitarfélögin eru of lík. - Sveitarfélögin eru «jafn fátæk» - Bæði háð landbúnaði, ef niðursveifla þar finna bæði sveitarfélögin fyrir því.	- Fjarlægð meiri, svæðið stórt. Nálægð við kjörna fulltrúa. - Lítið unnið saman, áskorun að átta sig á staðháttum. Hafa ekkert unnið saman þó að samfélögin svipuð, landbúnaðarsveitarfélög. - Nýta þekkingu sem til er í HV í skóla/fræðsluþjónustu. - Þarf að sækja fram í atvinnumálum. - Hægt að ráða sérfræðing til að sækja fram í atvinnumálin fyrir hið sameinaða sveitarfélag. - Sterkari miðja í stjórnsýslunni en þurfum fleiri sem vinna. - Eftirsóknarverðara að koma þegar fleiri sérfræðingar eru fyrir. - Fjármunir í tengslum við sameininguna til að fara í átaksverkefni á sviði atvinnumála.

Framtíðarsýn og markmið

Á grundvelli stöðugreiningar dregur starfshópurinn upp mynd af æskilegri stöðu í starfsemi sveitarfélagsins og þjónustu eftir 10 ár í sameinuðu sveitarfélagi, þ.e. þeirri stöðu sem vinna ætti að. Einnig skilgreinir hópurinn markmið sem vinna þarf að til að raungera framtíðarsýnina. Skilgreina skal a.m.k. eitt markmið fyrir hvern málaflokk sem hópurinn fjallar um.

Framtíðarsýn starfshópsins:

Vel rekið sveitarfélag. Þurfum að vera klár með framtíðarsýn, samganga, aðrir innviðir. Stilla fókusinn að það sé talað í takt um ákveðna vegi, ekki alla. Forgangsraða þeim. Ákveða fyrirfram ákveðin vagnúmer.

Markmið:

Stjórnsýsla

- Hagkvæm stjórnsýsla, sem sparar þó fyrst og fremst með fækkun í yfirlagi með einum sveitarstjóra og færri kjörnum fulltrúum eftir sameininguna.
- Rekstur skrifstofa á báðum stöðum, launafulltrúar, bókarar á báðum stöðum. Með sameinuðu sveitarfélagi og fleiri höndum t.d. í ráðgjöf við deildarstjóra. Myndu skapast tækifæri í þessum teymisfundum.
- Nefndir, svipaðar á báðum stöðum. Opnir fundir verða að vera staðfundir, aðrir gætu að einhverju leyti í fjarfundi. Í fyrstu yrðu fagnefndirnar 5 manna, en skoða með fækkun í framtíðinni niður í 3 í einhverjum fagnefndanna. Sveitarstjórn yrði 7 manna og 3 manna byggðarráð.
- Starfsstöðvar yrðu á báðum stöðum.
- Skipurit, svipað og eru hjá sveitarfélögunum í dag en einn sveitarstjóri.
- Hún þarf að fá að þroskast, eftir því sem traustið vex (fleiri staðfundir til að byrja með) og svo væri hægt að auka fjarfundi.
- Listakosningar í HV en persónukosningar í Dölunum.
- Heimastjórnir, er það eitthvað? Til dæmis staðbundnar skipulagsstjórnir tiltekinna svæða.

- Vera með sem mest íbúalýðræði.

Fjármál

- Fjármagnseigendur þurfa að skila til sveitarfélagsins. Þurfum að fá hlutdeild af þessum skatti. Mikið af jörðum fara til þessara "skattgreiðenda."
- Leyfa lögheimili í sumarhúsum með takmörkun á þjónustu? Það gæti skipt útsvarstekjur sveitarfélaganna verulegu máli.
- Hagnaður fyrirtækjanna skilar sér ekki til uppruna teknanna.
- Nýr búvörusamningur að fara af stað. Er hægt að binda stuðninginn við ákveðin svæði og ákveðna stærð búa? Þurfum að láta okkur málið varða.
- Sérstök innspýting frá ríkinu til sauðfjárræktar sem væri hægt að nota í viðræðum við ríkið.
- Sveitarfélögin til samans eiga mjög mikið af eignum, gamla barnaskóli, félagsheimili, slökkvistöðvar o.s.frv. Vantar mann sem ber ábyrgð á fasteignunum.

Mannauður

- Hægt að ráða sérfræðing í mannauðsmálum, í dag kaupir HV út þjónustu sérfræðinga.
- Skapar tækifæri til að sækja fleiri sérfræðinga inn á svæðið.
- Meiri stuðning við núverandi mannauð.

Mannvirki

- Klára brú yfir Hrútafjörð. Tengivegapottur. Þurfum svo að fá sem stofnveg út af vetrarþjónustunni.
- Laxárdalsheiði, þarf tvíbreiðar brýr.
- Þorgils, færa Holtavörðuheiði, yfir á L.heiði og svo bara göng. Jahá.
- Tryggja tengivirki t.d. á Laugarbakka svo hægt sé að tengja orkufrekan iðnað inn á. Að rafmagnið fari bara ekki framhjá sveitarfélagið. Eitt skemmtiferðarskip tekur rafmagn 2ja þorpa.
- Með Skógarstrandavegi hefur rafmagnið lagast í Dölunum.
- Þurfum tengivirkið á Lb.
- Tryggja alla innviðina, þ.m.t. vegi og rafmagn.
- Dagsdaglega þarf að tryggja akstursleiðir skólabílanna. Styttist fyrir börnin í Hrútafirðinum við brúna. 8 leiðir í HV (lengsta 70 km), 7 leiðir í Dölunum (50 km)
- Ná samstöðu um stofnveg. Svo eru það tengivegir innan héraðs. Vatnsvegurinn þarf að tikka strax á Samgönguáætlun, þarf að gerast á næsta ári til að tengivogapotturinn sé hægt að nota í styttri leggi.
- Skógarstrandarvegur er bæði stofnvegur og innan héraðs tenging. Klofningur og Haukadalur.
- Innviðaráðherra er mjög áhugasamur um þessa sameiningu.
- Þarf að hitta þingmenn kjördæmisins til að pressa á stuðning þeirra, bæði í verki og tali.
- Fyrsta mögulega sameining á milli landshluta.
- Vindmyllur, ásókn í Dölunum. Vindorkuverin sem þegar hafa verið sett upp eru ekki að skaffa orku þar sem þau eru staðsett.

Samstarf sveitarfélaga

- Öflugasta matvælahérað landsins, fyrir utan fiskinn. Gæti verið landeldi.
- Menning rík á báðum stöðum, auðvelt að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu.

Samantekt

<Dragið saman aðalatriði í framtíðarsýn og meginmarkmið>

Hið sameinaða sveitarfélag er orðið öflugasta matvælahérað landsins. Búið er að ná fram verulegri innviðauppbýggingu með stuðningi frá hinum opinbera, t.d. hvað varðar raforku og samgöngur í samtali við ríkið í aðdraganda kosningarinnar um sameininguna. Sveitarfélagið er vel rekið vegna hagræðingar í rekstri en þó með betri þjónustu og auknum fjölda sérfræðinga m.a. í mannauðsmálum, sem áfram er gott aðgengi að.

Í kjölfar fjölgunar atvinnutækifæra hefur íbúum hins sameinaðs sveitarfélags fjölgað, þar sem m.a. hefur fjölgað opinberum störfum. Jafnframt er landbúnaður orðinn stöndugri sem hefur leitt til þess að

útsvarstekjur sveitarfélaganna hafa hækkað verulega. Atvinnutækifærin eru orðin fjölbreyttari og meðalaldur íbúa hefur lækkað unga fólkið er komið aftur heim.

Kostir við núverandi stöðu

- Hlutirnir ganga vel (þægilegt).
- Stuttar boðleiðir.

Ókostir við núverandi stöðu

- Of fámennar stjórnsýslueiningar til að gera þar sem nauðsynlegt er og okkur langar til gera.
- Lítil núverandi samvinna, þó að samvinna við önnur sveitarfélög er þekkt.

Kostir við sameinað sveitarfélag

- Gott að fara út fyrir þægindarammann.
- Sterkari stjórnsýsla, sem skapar fjármuni í önnur verkefni/þjónustu.

Gallar við sameinað sveitarfélag

- Ágreiningur um mismunandi þjónustustig.
- Lengri boðleiðis.

Markmið stjórnsýslu og fjármála

- Ákjósanlegur búsetukostur.
- Öflugra sveitarfélag.
- Ákjósanlegri vinnustaður.
- Hátt þjónustustig.
- Öflug í menningu og listum
- Öflug í atvinnutækifærum.
- Auka gæði og skilvirkni þjónustunnar.
- Tryggja fjárhagslegan stöðugleika.

Markmið mannauðar

- Hæfari til að ráða sérhæft starfsfólk.
- Efla núverandi mannauð.

Markmið mannvirkja

- Nýta þau mannvirki sem fyrir eru á sem bestan hátt.
 - Skilgreina hvaða mannvirki við eigum að eiga og gera viðhaldsáætlun sem staðið er við.
 - Selja önnur.
- Framtíðarsýn á uppbyggingu afþreyingar fyrir yngstu íbúana okkar.
- Skilgreina hvaða mannvirki við þurfum til að þjónusta eldri borgana okkar.

Markmið í grunninn:

AUKINN SLAGKRAFTUR